

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133/228**  
**komudagur 23.11.2006**

**RÍKISÚTVARPIÐ OHF. - 56. MÁL**  
**UMSÖGN**

Reykjavík, 23. nóvember 2006  
sendandi: Anna Th. Rögnvaldsdóttir  
leikstjóri/handritshöfundur

Ekki alls fyrir löngu kynnti menntamálaráðherra drög að þjónustusamningi við Ríkisútvarpið og tengist samningurinn frumvarpinu sem nú liggur fyrir vegna þess að það er áformað að hann verði undirritaður þegar og ef það verður að lögum. Ég hef engar athugasemdir við frumvarpið en legg fram tillögur að breytingum og viðbótum við 3. gr. þjónustusamningsins. Þessar tillögur má sjá í hnotskurn á þriðju og síðustu síðu þessa bréfs, en þar er ákvæðið umskrifað.

Umrætt ákvæði er í byrjun kaflans sem heitir *Nýsköpun í dagskrárgerð* (í 3. gr.) og hljóðar á þessa leið:

*RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð, RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj.kr.*

Ég vil taka það skýrt fram, áður en ég fer að gera athugasemdir, að ég tel að þetta ákvæði geti markað tímamót. Ekki einungis vegna þess að það er gert ráð fyrir að RÚV verji margfalt hærri upphæðum til kaupa/forkaupa/meðframleiðslu á verkum sjálfstæðra framleiðenda en það hefur nokkur tíman áður gert, heldur líka -- og þetta er mjög mikilvægt -- að með því að "eyrnamerkja" ákveðna upphæð árlega í nokkur ár skapast svigrúm til átlanagerðar. Það er nauðsynlegt að kaupandi og meðframleiðandi að vönduðu kjörtíma-sjónvarpsefni, einkum leiknu efni, geti gert átlanir nokkur ár fram í tímann.

#### TILLAGA 1

Fyrsta setningin hljóðar á þá leið að RÚV skuli vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. Að mínu mati er það galli á annars ágætu ákvæði að það skuli ekki vera tilgreint aðeins nánar hvað er átt við með þessu. En út frá samhenginu (þ.e. því sem á eftir kemur) skil ég þetta svona:

Ef RÚV ver megninu af þessu eyrnamerkta fjármagni í greiðslur til verktaka, þ.e. fer út í það í ríkari mæli að fela sjálfstæðum framleiðendum (þ.e.öðrum fyrirtækum) að framleiða fyrir sig

sjónvarpsefni fremur en að láta starfsmenn sína annast það, þá er það ekki nýsköpun, þá er það samskonar dagskrárgerð, bara framleidd af nýjum aðilum.

Ef RÚV tekur þessi tilmæli um að vera "vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð" alvarlega þá setur það á stofn innkaupa- og meðframleiðsludeild leikins efnis (þ.e. dramadeild) utan um þetta eyrnamerka fé, eða megnið af því, og ræður mann sem hefur reynslu af þróun og framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis til þess að veita henni forstöðu, þá er það nýsköpun. Eða réttara sagt, þá eru komnar forsendur/vettvangur fyrir nýsköpun í gerð leikins efnis.

Að minni hyggju er nauðsynlegt að skoða þennan þjónustusamning í stærra samhengi, s.s. í tengslum við nýlegt samkomulag um riflega áttföldun á framlögum ríkisins til Sjónvarpssjóðs KMÍ (sem styrkir gerð leikins sjónvarpsefnis) og e.t.v. líka í tengslum við ný lög um hækkun hlutfalls endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar (sem gildir líka fyrir stór leikin sjónvarpsverk). Það hefur aldrei verið farið út í neitt viðlíka stórt átak til þess að efla innlenda dagskrárgerð síðan sjónvarpsútsendingar hófust árið 1966,

Þessar aðgerðir eru, eða ættu að vera, samverkandi. Að mínu áliti eru þær markvissar (og stórum raunhæfari en ýmislegt annað sem stjórnvöld hafa aðhafst í þessum efnum, t.d. stofnun Menningarsjóðs útvarpsstöðva) nema að það vantar í rauninni dramadeild hjá Sjónvarpinu til þess að loka hringnum.

Ég vek athygli menntamálanefndar á því að RÚV hefur aldrei verið gert skylt með lögum að bjóða áhorfendum sínum upp á leikið innlent efni. Sem meðal annars skýrir það af hverju leikið efni hefur alltaf verið afgangsstærð hjá Sjónvarpinu. Af þessum sökum er enginn infrastrúktúr fyrir hendi innan stofnunarinnar til að sinna leiknu sjónvarpsefni, enn síður til að vinna með sjálfstæðum framleiðendum í tengslum við kaup og meðframleiðslu á sjónvarpsefni. Eigi að síður er RÚV falið það verkefni, samkvæmt þjónustusamningnum, að hafa ákveðna forystu um nýsköpun.

Þessvega legg ég til að í þjónustusamningnum verði kveðið á um stofnun dramadeildar.

## TILLAGA 2

Ég geri það líka að tillögu minni að það verði sett fram skýrt skilgreind markmið, eitt eða fleiri um magn efnis. Til dæmis að sýna skuli að lágmarki x marga klukkutíma af leiknu sjónvarpsefni á ári næstu fimm árin, EÐA að Sjónvarpið skuli auka framboð sitt á leiknu efni jafnt og þétt á samningstímanum, úr x í x. Að mínu mati er vel hægt að setja fram raunhæf markmið af þessu tagi.

Aðeins nánar um þessa tillögu og rökin fyrir henni:

- 1) Orðalagið í ákvæðinu sem hér er til umræðu er fremur óheppilegt vegna þess að það má auðveldlega (mis)lesa það þannig að aðalmarkmiðið sé að styrkja sjálfstæða

framleiðendur. Aðalmarkmiðið er auðvitað að auka framboð á vönduðu innlendu sjónvarpsefni á kjörtíma. Það er tiltekið nákvæmlega hversu háum upphæðum skuli verja til kaupa/meðframleiðslu; ég tel eðlilegt að það komi þá líka fram hvað þetta eigi að skila áhorfendum, hverskonar lágmarksárangri sé verið að stefna að.

- 2) Það er í rauninni ekkert sem mælir gegn því að það séu sett fram einhver slík skýr markmið um magn. Það var gert í fyrsta samkomulaginu um eflingu kvikmyndagerðar árið 1998 og aftur í ár.
- 3) Framleiðsla á leiknu sjónvarpsefni er kostnaðarsöm og sjónvarpsstöðvarnar hneigjast til þess að verja peningunum frekar í ódýrari tegundir dagskrárefnis. Ef það er ætlunin með þessum þjónustusamningi að knýja á um að RÚV leggi meiri áherslu á leikið efni og taki upp þá stefnu að bjóða upp á slíkt efni reglulega, þá þarf í rauninni að taka það skýrt fram og setja fram magntölur.

Að endingu læt ég fylgja endurskrifað ákvæði 3.gr. Þetta er fyrst og fremst hugsað sem einföld útlistun á þessum tillögum:

### **3. gr.: Nýsköpun í dagskrárgerð**

*RÚV skal vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð.*

*Árið 2008 skal RÚV sýna að lágmarki tvær klukkustundir af leiknu sjónvarpsefni á kjörtíma; árið 2009 fjórar klukkustundir að lágmarki; árið 2010 fjórar klukkustundir að lágmarki og árið 2011 fimm klukkustundir að lágmarki.\**

*Í RÚV skal vera deild eða svið til þess að framfylgja markmiðum um aukningu á hlut leikins sjónvarpsefnis og skipuleggja meðframleiðslu og innkaup á kvikmyndum og leiknu sjónvarpsefni af sjálfstæðum framleiðendum.*

*RÚV skal styðja innlenda framleiðslu á kvikmynda- og sjónvarpsefni og stuðla að fjölbreytni með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum.*

*RÚV skal gerast kaupandi, forkaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj.kr.*

Virðingarfyllt,

Anna Th. Rögnvaldsdóttir

